

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Reykjahlíðarhverfis
í Skútustaðahreppi nr. 118 5. maí 1969.

1. gr.

Í stað orðanna í 8. gr.: „skal árlega greiða vatnsskatt, er nemi 4% — fjórum af hundraði — fasteignamats húseignarinnar . . . “ komi: „ skal árlega greiða vatnsskatt er nemi 0.4% — fjórum af þúsundi — fasteignamats húseignarinnar . . . “.

2. gr.

Í stað orðanna í 9. gr.: „Aukavatnsskattur skal vera kr. 2.00 af rúmmetra . . . “ komi: „Aukavatnsskattur skal vera kr. 4.00 af rúmmetra . . . “.

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar falli niður.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld
í Skútustaðahreppi nr. 133 29. maí 1969.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað orðanna: „1.5% af núverandi fasteignamati“ komi „0.1% af núverandi fasteignamati“, og í stað orðanna: „Lágmarksgjald fyrir hvert íbúðarhús eða íbúð er þó kr. 500.00“ komi „Lágmarksgjald fyrir hvert íbúðarhús eða íbúð er þó kr. 700.00“.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.